

Alþingi
Sjávarútvegsnefnd
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Hafnarfjörður, 05.01.2007
Tilv. 0006/2006 - 4.34

Fiskistofa vísar til erindis sjávarútvegsnefndar Alþingis, dagsetts 28. nóvember 2006 þar sem farið er fram á tilteknar upplýsingar, annars vegar um beitingu viðurlaga og hins vegar um flottrollsveiðar á síld í Kolluál á Breiðafirði haustið 2006.

Hér að neðan eru svör Fiskistofu við fyrirspurn nefndarinnar.

I.

Í 1. tölulið áðurgreinds erindis er óskað upplýsinga um fjölda veiðileyfissviptinga og afturkallana á vigtarleyfum sem framkvæmdar hafa verið á undangengnum árum, auk fjölda þeirra tilvika og eðli brota þar sem lágmarkssekt hefur verið beitt.

Fiskistofa hefur tekið saman eftirfarandi upplýsingar sem fyrir liggja hjá Fiskistofu um fjölda mála sem leitt hefur til viðurlaga á árunum 1993-2005.

1. **Dómar** fyrir brot á lögum nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða, og/eða lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, eða reglugerðum settum með stoð í framangreindum lögum:

Héraðsdómur Vestfjarða:	5 mál (ein sýkna).
Héraðsdómur Reykjaness:	20 mál (2sýknur).
Héraðsdómur Suðurlands:	6 mál (ein sýkna).
Héraðsdómur Austurlands:	1 mál.
Héraðsdómur Norðurlands eystra:	4 mál.
Héraðsdómur Norðurlands vestra:	3 mál (ein sýkna).
Héraðsdómur Vesturlands:	2 mál.
Héraðsdómur Reykjavíkur:	2 mál.

Samtals 43 dómar (5 sýknudómar).

Ofangreindar upplýsingar að ofan um fjölda dóma ná yfir dóma sem fallið hafa fram að árinu 2001.

2. **Viðurlagaákvæðanir Fiskistofu 1994-2005.**

A. **Veiðileyfissviptingar vegna fiskveiðibrota.**

Árið 2005: 19 veiðileyfissviptingar vegna fiskveiðibrota.
24 veiðileyfissviptingar vegna vanskila á afladagbók.
Árið 2004: 38 veiðileyfissviptingar vegna fiskveiðibrota.
26 veiðileyfissviptingar vegna vanskila á afladagbók.
Árið 2003: 7 veiðileyfissviptingar vegna fiskveiðibrota.
47 veiðileyfissviptingar vegna vanskila á afladagbók.
Árið 2002: 23 veiðileyfissviptingar vegna fiskveiðibrota.
83 veiðileyfissviptingar vegna vanskila á afladagbók.
Árið 2001: 21 veiðileyfissvipting vegna fiskveiðibrota.
102 veiðileyfissviptingar vegna vanskila á afladagbók.
Árið 2000: 38 veiðileyfissviptingar vegna fiskveiðibrota.
10 veiðileyfissviptingar vegna vanskila á afladagbók.
Árið 1999: 24 veiðileyfissviptingar.
Árið 1998: 22 veiðileyfissviptingar.
Árið 1997: 9 veiðileyfissviptingar.
Árið 1996: 7 veiðileyfissviptingar.
Árið 1995: 6 veiðileyfissviptingar.
Árið 1994: 1 veiðileyfissvipting.

B. Veiðileyfissviptingar vegna veiða umfram aflaheimildir.

Árið 2005: 33 veiðileyfissviptingar.
Árið 2004: 36 veiðileyfissviptingar.
Árið 2003: 43 veiðileyfissviptingar.
Árið 2002: 132 veiðileyfissviptingar.
Árið 2001: 34 veiðileyfissviptingar.
Árið 2000: 50 veiðileyfissviptingar.
Árið 1999: 41 veiðileyfissvipting.
Árið 1998: 35 veiðileyfissviptingar.
Árið 1997: 39 veiðileyfissviptingar.
Árið 1996: 54 veiðileyfissviptingar (þar af 39 af hálfu sjávarútvegsráðuneytis fyrir gildistöku laga nr. 57/1996).
Árið 1995: 235 tillögur til sjávarútvegsráðuneytis um sviptingu veiðileyfis.
Sjávarútvegsráðuneytið svipti 45 skip veiðileyfi tímabundið.
Árið 1994: 261 tillaga til sjávarútvegsráðuneytis um sviptingu veiðileyfis.
Sjávarútvegsráðuneytið svipti 67 skip veiðileyfi tímabundið.

C. Afturkallanir á vigtarleyfum.

Fram til 1998 var ekki beitt afturköllun á vigtarleyfum. Frá þeim tíma hefur þeim viðurlögum verið beitt sem hér segir:

Árið 1998: 3 afturkallanir vigtarleyfa.
Árið 1999: Engin afturköllun.
Árið 2000: Engin afturköllun.
Árið 2001: 1 afturköllun á vigtarleyfi.
Árið 2002: 3 afturkallanir vigtarleyfa.
Árið 2003: 4 afturkallanir vigtarleyfa.

Árið 2004: 9 afturkallanir vigtarleyfa.

Árið 2005: 6 afturkallanir vigtarleyfa.

Samtals 26 afturkölluð vigtarleyfi.

3. Mál sem Fiskistofa kærði til lögreglu á árunum 1993-2005.

1992: 1 mál. 1993: 2 mál. 1994:11 mál. 1995:39 mál. 1996:13 mál. 1997: 5 mál.

1998: 6 mál. 1999:14 mál. 2000:19 mál. 2001:13 mál. 2002:21 mál. 2003:10 mál.

2004: 7 mál. 2005 : 1 mál.

Samtals 162 mál kærð til lögreglu.

Varðandi árið 2006 þá hafa 31 skip verið svipt vegna umframafla, 16 skip verið svipt vegna fiskveiðibrota, 3 skip verið svipt vegna afladagbókavanskila, 1 skip verið svipt veiðileyfi á NAFO svæði og 1 erlent skip verið svipt vegna brots á veiðum svo nefndra ESB skipa í íslenskri lögsögu. Þá hafa 2 vigtarleyfi verið afturkölluð.

Upplýsingar varðandi árið 2006 eru enn til bráðabirgða en endanlegar upplýsingar birtast í ársskýrslu Fiskistofu fyrir árið 2006.

Upplýsingar um fjölda þeirra tilvika og eðli brota þar sem lágmarkssekt hefur verið beitt liggja ekki fyrir á Fiskistofu, en verið er að vinna í því að afla þeirra upplýsinga hjá dómstólum og mun Fiskistofa senda sjávarútvegsnefnd Alþingis þær upplýsingar um leið og þær munu liggja fyrir, en talsverð vinna felst í því að safna þeim upplýsingum saman.

II.

Svar við tl. 2. í fyrirspurn sjávarútvegsnefndar dags. 28. nóvember 2006, varðandi “upplýsingar í tengslum við þá ákvörðun sjávarútvegsráðherra á þessu hausti að opna á flottrollsveiðar á síld í Kolluálmum á Breiðafirði.”

a. Hvaða skip stunduðu veiðarnar?

Svar: Fiskistofa hefur ekki tæmandi upplýsingar um hvaða skip stunduðu veiðar á því svæði sem opnað var til flottrollsveiða á síld innan 12 sml. í Kolluál með reglugerð nr. 900/2006 og var í gildi frá 3. til 25. nóvember sl., þar sem síldveiðiskip þurfa ekki að tilkynna upphaf, lok eða veiðisvæði veiðiferða. En samkvæmt þeim upplýsingum sem Fiskistofa hefur stunduðu eftirtalin 10 skip veiðar á umræddu svæði einhvern tíma á tímabilinu:

Aðalsteinn Jónsson SU-11

Álsey VE-2

Baldvin Þorsteinsson EA-10

Bjarni Ólafsson AK-70

Engey RE-1

Hákon EA-148

Huginn VE-55

Krossey SF-20

Margrét EA-710

Vilhelm Þorsteinsson EA-11.

b. Hver var aflinn?

Svar: Afli íslenskra veiðiskipa er skráður í gagnagrunninn Lóðs af viðkomandi löndunarhöfnum samkvæmt reglum um vigtun sjávarafla. Í reglum um vigtun sjávarafla er ekki krafist skráningar veiðisvæða. Upplýsingar um afla sem veiddur var á þessu svæði á þessum tíma eru þessvegna ekki tiltækar.

Í afladagbók eru veiðisvæði að nokkru leyti tilgreind s.s. varðandi togveiðarfæri þá er skráð þar sem veiðarfæri er kastað og hífð. Afrit úr afladagbókum berast Fiskistofu innan tveggja vikna frá lokum hvers mánaðar og eru þau send til Hafrannsóknastofnunarinnar sem skráir upplýsingar úr afladagbókunum í gagnagrunn.

c. Hver var samsetning aflans?

Svar: Vísast til svars við a og b.

d. Hversu margir veiðieftirlitsmenn voru viðstaddir veiðarnar og á hvaða tíma störfuðu þeir?

Svar: Við veiðieftirlit á umræddu veiðisvæði voru eftirlitsmenn á eftirfarandi skipum:

Engey RE, við könnun svæðisins 1. og 2. nóvember, 2 daga.

Eftir að svæðið var opnað fyrir veiðum:

Engey RE, 4. til 14. nóv. 11 daga

Krossey SF, 11. til 18. nóv. 7 daga

Hákon EA, 23. til 25. nóv. 3 daga


e. Hver var markaðurinn fyrir síldina og hversu stórt hlutfall aflans fór til manneidis?

Svar: Vísast til svars a og b

f. Hvert er áætlað söluverðmæti aflans?

Svar: Vísast til svars a og b

F. h. Fiskistofu



Gísli Rúnar Gíslason

Forstöðumaður lögfræðisviðs Fiskistofu